

**Nd.**

**388. Frumvarp til laga**

[225. mál]

um breyting á lögum nr. 5 7. mars 1962, um sveitarstjórnarkosningar.

Flm.: Guðlaugur Gíslason.

**1. gr.**

Á eftir 16. gr. laganna komi svo hljóðandi

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Við sveitarstjórnarkosningar þær, sem fram eiga að fara hinn 26. maí 1974, skal bæjarstjórn Vestmannaeyja heimilt með samþykki yfirkjörstjórnar að ákveða sérstakar kjördeildir á eftirtöldum stöðum: Selfossi, Reykjavík og Keflavík, eina á hverjum stað, fyrir þá kjósendur, sem eru á kjörskrá í Vestmannaeyjum, en hafa enn aðsetur sitt utan Vestmannaeyja á kjördegi. Skulu um kjördeildir þessar gilda sömu reglur og aðrar kjördeildir, sem ákveðnar kunna að verða í Vestmannaeyjum.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Greinargerð.**

Eins og kunnugt er, urðu íbúar Vestmannaeyja nær undantekningalaust að hafa aðsetursskipti vegna náttúruhamfaranna, er þar urðu í byrjun síðasta árs. Samkvæmt gildandi lögum eru Vestmannaeyingar allir enn á íbúaskrá í Vestmannaeyjum, nema þeir, sem fyrir lok nóvember s. l. höfðu formlega tilkynnt Hagstofunni brottflutning sinn. Samkvæmt íbúaskrá fyrir Vestmannaeyjar, sem Hagstofan hefur samið miðað við 1. des. 1973, eru enn á íbúaskrá þar 4892 manns, þar af 19 ára og eldri 2961. Hinn 1. des. s. l. höfðu flutt heim aftur 2132 manns, en aðsetur sitt höfðu enn annars staðar 2760 manns. Frá því að íbúaskrá var samín og til 18. febr. s. l. höfðu til viðbótar flutt aftur til Vestmannaeyja um 600. Er ekki hægt að reikna með, að fólksflutningar til Eyja muni eiga sér stað úr þessu, svo að nokkru nemi, fyrr en fyrri hluta næsta sumars. Verður því að gera ráð fyrir, að stór hluti þeirra, sem á kjörskrá verða í Vestmannaeyjum, þegar kosningar til bæjarstjórnar fara fram 26. maí n. k., verði enn með aðsetur sitt annars staðar en þar og þá helst á þóttbýlissvæðinu við Faxaflóa, fyrir austan fjall, eins og það er kallað, og á hinum ýmsu stöðum á Reykjanesi. Ef ekki væri um að ræða sérstakar kjördeildir fyrir þessa aðila, yrðu þeir lögum samkvæmt að leita til viðkomandi yfirvalda og greiða atkvæði utan kjörstaða, en eins og allir vita er það ýmsum vandkvæðum bundið, sérstaklega fyrir eldra fólk.

Frv. þetta er flutt í þeim tilgangi einum að gera þeim kjósendum léttara fyrir að neyta atkvæðisréttar síns, sem eru á kjörskrá í Vestmannaeyjum, en hafa aðsetur sitt enn utan heimabyggðar sinnar á kjördegi, þegar kosningar til sveitarstjórnar fara fram, hinn 26. maí n. k., og hlýtur það að vera í samræmi við hið almenna sjónarmið, að sem flestir geti neytt atkvæðisréttar síns við hverjar kosningar.